

64

5. sept.

Að frádregnum kostnaði við sjóðinn legst afgangur af ársvöxtum árlega við stofnfje hans.

6. gr.

7. gr.

Breyting á skipulagi sjóðs þessa má gjöra eftir samhljóða tillögum sóknarprests og sóknarnefndar í Sauðlauksdalsprestakalli.

Hafnarfirði, 26. ágúst 1923.

Magdalena Jónasdóttir. Þorvaldur Jakobsson.

65

4. okt.

REGLUGJÖRÐ

um

um undanþágu frá læknisrannsókn á aðkomuskipum.

Ef aðkomuskip leitar hafnar, þar sem læknir á ekki heima, eða, ef hann á þar heima, er fjarverandi þegar skipið hafnar sig, þá skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans engu að síður leyfa skipinu mök við land, ef skipið hefir ábyggilegt heilbrigðisvottorð og, ef enginn hefir verið veikur á skipinu á leiðinni eða er veikur af sjúkdómi, sem grunsamt þykir um, að kunní að vera smitandi.

Þessi reglugjörð er sett samkvæmt fyrirmælum 1. gr. laga nr. 31, 20. júní 1923, um læknisskoðun á aðkomuskipum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. okt. 1923.

Sig. Eggerz.

Sigf. M. Johnsen.